

Norðfirðingur

1 tbl. 34. árgangur

febrúar 2008

Aðalfundur og Sólarkaffi

Þá er sólarkaffi og aðalfundur á næsta leyti. Sú hefð hefur skapast að halda aðalfund Norðfirðingafélagsins um leið og við fögnum endurkomu sólarinnar í bæinn okkar með pönnukökuveislu. Með þessari skipan mála hefur ætíð náðst mjög góð þátttaka og stemming skapast meðal sveitunga. Það er ósk okkar stjórnarmanna að gestir baki pönnukökur eða annað góðmeti og hafi með sér á hlaðborðið.

Sólarkaffi og aðalfundur Norðfirðingafélagsins

Aðalfundur og sólarkaffi verður að þessu sinni haldin sunnudaginn
24.febrúar kl 15:00 í Fella- og Hólakirkju

Meðal efnis á Sólarkaffinu

Venjuleg aðalfundarstörf
Tónlistaratriði – Davíð Samúelsson
Upplestur - Jón Knútur Ásmundsson
- Elísabet Karlsdóttir

Fréttir

Einhverjar breytingar verða á stjórn félagsins í ár og viljum við biðja alla að hugleiða hvort þeir hafi áhuga á að starfa með stjórninni. Áhugasömum er bent á að hafa samband við formann.

Dagatal 2008

Þema næsta dagtals er "félagasamtök fyrir 1967. Það liggur mikil vinna bakvið útgáfu dagatalsins og viljum við biðjast velvirðingar á því að útgáfa þess hefur dregist. Við teljum hinsvegar að vel hafi tekist til og vonum að félagsmenn og aðrir eigi eftir að eiga góðar stundir með dagatalinu.

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við útgáfu dagatalsins, helstu styrktaraðilar okkar eru:

Saprisjóður Norðfjarðar

Fjarðabyggð

SVN Sildarvinnslan

SÚN Samvinnufélag útgerðarmanna Neskaupstað

Landsbankinn Neskaupstað

Menningarkvöld

Í nóvember var menningarkvöldið mjög vel sótt. Gísli Gíslason kynnti geisladisk bróður síns, Guðmundar R. Gíslasonar. Jónas Pétur Bjarnason kynnti einnig geisladisk með lögum eftir föður sinn, BjarnaH. Bjarnason. Bergrós Guðmundsdóttir, Sigurborg Ragnarsdóttir, Birna Hilmarsdóttir og Elín Guðmundsdóttir sáu um upplestur. Efníð var eftir Norðfirðinga eða tengdist þeim á einn eða annan hátt. Stjórnin bauð upp á vöfflur og kaffi og við Norðfirðingarnir áttum saman góða kvöldstund í Fella- og Hólakirkju.

Bænastund

Það er orðin árlegur viðburður að Norðfirðingar sunnanlands komi saman á jólaföstunni og hittist hjá séra Svavari í Fella- og Hólakirkju og minnst atburðanna frá 20.des.1974. Þetta er gefandi stund sem hægir á okkur í álagi jólaundirbúnings.

Laugardagsmorgunkaffi

Nú um nokkurt skeið hafa Norðfirðingar komið saman fyrsta laugardagsmorgun í hverjum mánuði á Kaffitári í Perlunni. Miðað hefur verið við hittast upp úr 9:30. Jón Karlsson og Hákon Aðalsteinsson hafa séð um að halda fólki við efnið. Þetta er eitthvað sem allir ættu að prófa.

Næstu viðburðir

Sólarkaffi 24.febrúar kl. 15:00 í Fella og Hólakirkju.

Laugardagsmorgunkaffi

Gönguferð

Sjómannaþagskaffi

Munið dagatalið þar er staðar og stundar getið.

Félagatalið

Sem fyrr viljum við biðja félagsmenn að hjálpa okkur við að fjölga félagsmönnum því fleiri félagsmenn því öflugra félag og meira og fjölbreyttara félagsstarf. Þeir sem telja sig hafa dottið út af félagatalinu þurfa að láta stjórnina vita og því verður þá kippt í liðinn.

Heimasíða félagsins : <http://www.nordfirdingafelagid.is>

Elín Guðmundardóttir, formaður	ella@technik.is
Davíð Samúelsson, varaformaður	davidsam@eyjar.is
Katrín Brynjarsdóttir, gjaldkeri	katrinb@vis.is
Eysteinn Arason, ritari	eysteinn.arason@lyfogheilsa.is
Meðstjórnendur:	
Elísabet Karlsdóttir	ebby@centrum.is
Gunnar Karl Guðmundsson	gkg@skeljungur.is
Hákon Aðalsteinsson	signy.gestsdottir@gmail.com
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir	holmfridurgg@internet.is
Jón Karlsson	jon@kvotabankinn.is

Margar hendur vinna létt verk.

Að venju eru félagsmenn beðnir um að koma með bakkelsi á hlaðborðið á Sólarkaffinu. -stjórnin-